


SAMKOMUHÚSIÐ STYKKISHÓLMÍ ENDURGERÐARÁÆTLUN - NOVEMBER 2014





Mynd af www.sarpur.is



Mynd af www.sarpur.is



Mynd úr bókinni minningar II


1901




1909



1944-45



1990
Núverandi form



INNANGANGUR

Skýrsla þessi fjallar um húsið við Aðalgötu 6 í Stykkishólmi þar sem nú er Eldfjallasafn. Skýrslan er undirbúningur að endurgerð á húsinu. Húsið var skoðað m.t.t. ástands og uppruna. Leitað var í rituðum heimildum að sögu hússins og einnig var leitað gamalla mynda af húsinu. Með skýrslunni er lagt mat á mikilvægi þess að húsið verði endurgert og að lokum er gerð grein fyrir tillögu að endurgerð hússins með texta og teikningum.

NÚVERANDI ÁSTAND HÚSSINS

Húsið er í þokkalegu ástandi en ljóst er að á næstu árum þarfnast það gagnberra viðgerða. Húsið er forskalað og ástand veggja er misjafnt. Gluggum á langhliðum hússins hefur verið lokað, en áður en það var gert hafði öllum gluggum verið breytt. Um tíma var þakið áberandi sigið, en það var rétt af með lektum og klætt bárujárni. Í dag er húsið málað að utan og snyrtilegt. Hluti hússins stendur á hlöðnum sökklum sem steypt var utaná og hluti stendur á steyptum kjallara. Gengið er inn í húsið að norðanverðu og komið inn í anddyri. Inn af því er aðalsalur hússins.

Úr anddyri er stigi upp á svalir sem eru yfir norðurenda salarins. Inngangur í aðalsalinn er undir svölunum en rýmið hækkar þar sem svölunum sleppir. Við suðurenda salarins er upphækkað svið og hliðarsalur er eftir endilangri vesturhlið hússins. Í hliðarsal við anddyri eru snyrtingar og við norðurenda hliðarsalarins næst sviðið er eldhúsaðstaða. Undir sviðinu er kjallari. Aðalsalurinn hefur fallegt form, yfir honum er bogadregið loft sem líklega er upprunalegt en klætt hefur verið neðan á það með sléttum plötum.

Salurinn hefur mikla möguleika á að verða mjög gott rými til ýmissa nota fyrir Hólmara. Allt er húsið málað og snyrtilegt að innan en ljóst er að við endurgerð þarf að taka allan frágang til skoðunar þar sem ýmsar misgóðar breytingar hafa verið gerðar gegnum tíðina.

BYGGINGARSAGA HÚSSINS

Elsti hluti hússins er bindingsverkshús, byggt árið 1901. Það er reist á hlöðnum sökklum og einangrað með marhálmi. Sennilega hefur húsið upphaflega verið borðaklætt og bárujárn á þaki. Á tímabili var húsið þó klætt með pappa eða a.m.k hluti þess. Krosspóstsgluggar voru í húsinu, þrír

á hvorri hlið og tveir uppi á norðurgafli. Að innan var gólfíð borðaklætt og veggir og bogaloft klætt með panil. Húsið var lengt árið 1909 og byggt skúrbygging eftir endilangri vesturhliðinni. Um 1945 er húsinu breytt töluvert, það lengt enn frekar og bætt við skúrbyggingu á vesturhliðina. Um líkt leyti er húsið forskalað og þá er glugga- og hurðambúnaði breytt. Um 1990 var skúr á vesturhlið fjarlægður.

EIGENDASAGA HÚSSINS

Húsið er byggt af Góðtemplarareglunni Auðnuvegi og Bindindisfélaginu Viljanum. Um 1912 eru Óskar Clausen, Hjálmar Sigurðsson og Hildimundur Björnsson eigendur hússins. Árið 1919 keyptu Sigurður Ágústsson og W. Th. Möller húsið. Sigurður Ágústsson eignast allt húsið um 1927. Jón A. Sigurgeirsson eignaðist húsið og breytti því í bíó um 1943. Árið 1947 eignast Magnús Sigurðsson og Sigurður Siggeirsson húsið. Þá eignuðust Haraldur Jónsson og Ágúst Sigurðsson húsið 1961. Árið 1965 eignaðist Ágúst allt húsið en árið 1967 eignaðist Stykkishólmsbær húsið og er eigandi þess í dag.



Mynd af www.sarpur.is



Mynd úr bókinni minningar II



Mynd af www.sarpur.is

STARFSEMI Í HÚSINU

Húsið hefur í gegnum tíðina verið samkomuhús. Það hefur hýst fjölda samkoma ýmissa áhugahópa og félagasamtaka. Lengi var í húsinu bíó og samhliða var húsið notað til leiksýninga og dansleikja auk ýmissa uppákoma. Þá var í húsinu félagsmiðstöð eftir að bíósýningar lögðust af. Nú er rekið myndarlegt Eldfjallasafn í húsinu.

MAT Á MIKILVÆGI ÞESS AÐ HÚSIÐ VERÐI ENDURGERT

Upprunaleg bygging var einföld og reisuleg með mænispaki og hafði mjög falleg hlutföll. Töluverðar breytingar hafa verið gerðar og nú er skúrbygging með allri hliðinni að vestanverðu. Samkomusalurinn er í góðum hlutföllum og hann getur orðið mjög fallegt rými eftir endurgerð.

Húsið á sér merka sögu sem samkomuhús Hólmara. Margir Hólmamar eiga minningar tengdar húsinu og margar sögur tengjast því og uppákomum þar. Húsið er þannig mikilvægur hlekkur í menningarsögu Stykkishólms. Það er því brýnt verkefni að sýna húsinu þann sóma sem það á skilið með endurgerð.

Húsið stendur alveg við gangstétt Aðalgötunnar og er partur

af elsta hluta bæjarins. Þar hafa flest hús verið endurgerð með miklum sóma. Fallega endurgert yrði þetta hús hluti af sterkri bæjarmynd sem er sérkenni Stykkishólms.

TILLAGA AÐ ENDURGERÐ

Þegar byggingarsaga hússins er skoðuð og þær miklu útlitsbreytingar sem orðið hafa á húsinu má velta fyrir sér hvaða útgáfu af húsinu eðlilegt er að endurera. Lagt er til að breyta ekki núverandi formi hússins þar sem að með því væri verið að fjarlægja hluta af sögu þess og rýra möguleika til nýtingar, en nauðsynlegt er að fjarlægja forskölunina og gera við fúa í veggjum. Lagt er til að endurera útlit veggja, þaks, glugga og hurða eins og ætla má að það hafi verið á fyrstu árum hússins. Ekki fundust góðar myndir sem hægt var að styðjast við til að ákveða nákvæmlega frágang hússins en stuðst er við lýsingar úr fasteignamati og fyrirmyndir að frágangi glugga og hurða eru sóttar til húsa með svipaðan aldur. Þá má gera ráð fyrir að við framkvæmdir komi frekari upplýsingar um frágang í ljós.

Gert er ráð fyrir að útveggir hússins verða einangraðir og klæddir með listasúð. Þak verði klætt bárujárni og gluggar

verði hefðbundnir krosspóstsgluggar með földum og vatnsbrettum. Þá er einnig lagt til að útihurð aðalinngangs verði tvöföld og að á vesturhlið verði bakinnangangur.


Stuðst var við eftirfarandi heimildir:

Bragi Jóseppson. (2004). Hús og vatnsbrunnar í Stykkishólmi.

Bragi Straumfjörð Jóseppson. (2004). Eitt stykki Hólmur

Rakel Olsen. (2009). Minningar II.

Auk þess myndir frá www.sarpur.is





Kjallari undir sviði



Norður- og vesturhlíð



Salur




Aðalinngangur




Salur - sviði




Suður- og austurhlíð




GRUNNMYND



SKURÐUR



ÚTLIT NORÐUR



0

1


2

3 M

ÚTLIT AUSTUR




ÚTLIT VESTUR



0 1 2 3 M

ÚTLIT SUÐUR



0

1

2 M

